



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

ÁRANGURSSKÝRSLA 2014

MAÍ 2015

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	1
2	VÍDDIR STARFSEMINNAR	1
3	ÞJÓNUSTA	2
3.1	Mælikvarðar	2
3.1.1	Fjöldi fréttar á vef FSR.....	2
3.1.2	Verkfundagerðir á verkefnavef.....	2
3.1.3	Hlutfall fjárhagsyfirlita yfirfarið og sent til verkkaupa	3
3.1.4	Hlutfall verkefna þar sem frávik raunkostnaðar er innan við 5% af áætlun	3
4	FJÁRMÁL FSR	4
4.1	Mælikvarðar	4
4.1.1	Fjöldi greiðsluáætlana sem hlutfall af fjölda verka í verklegri framkvæmd	4
4.1.2	Fjármagnskostnaður sem hlutfall af veltu	4
4.1.3	Afskrifaðar kröfur sem hlutfall af veltu.....	5
4.1.4	Hlutfallslegt frávik (tap) rauntalna frá áætlun	5
5	INNRA STARF	6
5.1	Mælikvarðar	6
5.1.1	Viðhaldsvottun Vottunar hf. tvisvar á árinu	6
5.1.2	Innkaup rekstrarvara skv. rammasamningum verði amk. 80% allra innkaupa.	7
5.1.3	Samanlagður fjöldi fréttar á fréttaveitu og fréttar frá starfsmannafélaginu Auðvitað.....	7
5.1.4	Fjöldi fundargerða faghópa.....	7
5.1.5	Nýr vefur FSR.....	7
5.1.6	Minnkuð orkunotkun milli ára	8
6	MANNAUÐUR	9
6.1	Mælikvarðar	9
6.1.1	Fjöldi starfsmannasamtala á ári sem hlutfall af starfsmanna-fjölda	9
6.1.2	Stuðla að símenntun starfs-manna - Hlutfall starfsmanna sem sækir símenntun	9
6.1.3	Stuðla að símenntun starfs-manna - Fræðslufundir fyrir starfsfólk FSR	9
7	FRUMKVÆÐI	10
7.1	Mælikvarðar	10

7.1.1	Endurbætt og útbúin ný gæðaskjöl fyrir frumathuganir	11
7.1.2	Samingsvöktun, leigumál og búnaðarkaup	11
7.1.3	Yfirfara verklag og útbúa kynningarefni um vinnuumhverfi	11
7.1.4	Endurbætt og útbúin ný gæðaskjöl fyrir áætlunargerð	12
7.1.5	Hlutfall umsagna um áætlunar-gerð þar sem FSR kemur að málum	13
7.1.6	Aukið hlutfall verkefna með umhverfisstefnu	13
7.1.7	Viðhald og þróun kostnaðar-banka FSR – raunkostnaður, áætlanir og samanburður	13
7.1.8	Viðhald og þróun kostnaðar-banka FSR – með skilamöt til hliðsjónar	13
7.1.9	Byggja upp grunn að stoð-skjölum fyrir BIM	14
7.1.10	Endurbætt og útbúin ný gæða-skjöl varðandi vistvænar byggingar	14
7.1.11	Hlutfall vinnustaðaslysa á milli ára verði mælt	14
7.1.12	Yfirfara verklag varðandi ÖHU-mál í verklegum framkvæmdum	15
7.1.13	Endurbætt og útbúin ný gæða-skjöl varðandi verklegar framkvæmdir	15
7.1.14	Endurbætt gæðaskjöl varðandi verklegar framkvæmdir m.t.t. ofanflóðavarna	15
7.1.15	Verkefni á verkefnavef	15
7.1.16	Hlutfall skilamata sem lokið er innan 12 mánaða frá ábyrgðar-úttekt verks	15
8	Samanburður rauntalna við rekstraráætlun fyrir árið 2014	16
8.1	Laun	17
8.2	Ferðir og fundir	17
8.2	Almennar rekstrarvörur	17
8.3	Aðkeypt þjónusta	18
8.4	Húsnæði	18
8.5	Bifreiðar og vélar	18
8.6	Vextir, skattar og afskriftir	18
8.7	Eignakaup	18
8.8	Tilfærslur	18
8.9	Tekjur	18
8.10	Niðurstaða ársins	18

1 INNGANGUR

Framkvæmdasýsla ríkisins vinnur samkvæmt vottuðu gæðastjórnunarkerfi sem byggir á alþjóðlega gæðastjórnunarstaðlinum ISO 9001.

Gæðamarkmið stofnunarinnar eru sett fram í skorkorti sem gefið er út árlega.

Gæðastjórnunarkerfið var vottað í október 2012 en allt frá árinu 2003 hefur Framkvæmdasýslan unnið í anda gæðastjórnunar, eins og hún er sett fram í ISO 9001. Í október 2004 tók Framkvæmdasýslan upp aðferðafræði samhæfðs árangursmats sem hluta af gæðastjórnun sinni og í tengslum við það hafa verið sett upp stefnukort og skorkort fyrir stofnunina. Viðhaldsúttektir fóru fram í apríl og október 2014. Vottun hf gerði 4 athugasemdir í fyrri úttektinni en 7 í þeirri síðari.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir árangri Framkvæmdasýslunnar á árinu 2014, bæði hvað varðar þjónustu, fjármál, innra starf, mannauð og frumkvæði. Er það meðal annars gert með því að birta og fjalla um niðurstöður mælinga á mælikvörðum í skorkortinu. Hver vídd starfseminnar fær umfjöllun í sérstökum kafla og í síðasta kaflanum er farið yfir hvernig rekstraráætlun ársins 2014 stóðst, með því að bera saman áætlun og rauntölur.

2 VÍDDIR STARFSEMINNAR

Starfsemi Framkvæmdasýslu ríkisins hefur verið flokkuð niður í fimm víddir: Þjónusta, Fjármál FSR, Innra starf, Starfsmenn og Frumkvæði. Hugmyndin er sú að í hverri vídd sé tekið á áhersluatriðum sem stofnunin hefur sett fram á viðkomandi sviði.

Samkvæmt aðferðafræði samhæfðs árangursmats eru innan hversrar víddar sett fram yfirmarkmið, markmið og mælikvarðar sem tengjast þeirri starfsemi eða áherslum sem hver vídd skilgreinir.

Fjallað verður um hverja vídd fyrir sig í þeim köflum sem hér fara á eftir. Tekin verða fyrir þau verkefni og áhersluatriði sem tilheyra víddinni, ásamt þeim markmiðum og mælikvörðum sem þar eru sett fram.

Yfirmarkmið frumkvæðisvíddar voru endurskilgreind árið 2013 með hliðsjón af kjarna- starfsemi FSR og til að endurspeglar betur ferli opinberra framkvæmda. Í vídd um innra starf var bætt við nýju yfirmarkmið um vistvæna þróun.

Í hverjum kafla er sýnd skjámynd af niðurstöðum skorkortsins til frekari skýringar.


VÍDDIR	A Þjónusta	<ul style="list-style-type: none"> ▶ A.1: Veita viðskiptavinum góða þjónustu ▲ A.2: Viðhalda faqlegum vinnubrögðum
	B Fjármál	<ul style="list-style-type: none"> ▲ B.1: Viðhafa markvissa stýringu fjármuna ▲ B.2: Halda fjármálum innan ramma áætlana
	C Innra starf	<ul style="list-style-type: none"> ▲ C.1: Hafa vel skilgreinda og skjal festa verkferla ▶ C.2: Hafa markvissa og áreiðanlega upplýsingamiðlun ▲ C.3: Vistvæn þróun á vinnustaðnum
	D Mannauður	<ul style="list-style-type: none"> ▲ D.1: Hafa hæft starfsfólk hjá FSR ▲ D.2: Viðhalda góðri og öfluqri sérþekkingu
	E Frumkvæði	<ul style="list-style-type: none"> ▲ E.1: Stuðla að vönduðum undirbúningi framkvæmda ▶ E.2: Stuðla að vandaðri áætlunarqerð og þróun ráðgjafamarkaðar ▶ E.3: Stuðla að vönduðum verklegum framkvæmdum og framþróun á verktakamarkaði ▼ E.4: Stuðla að vönduðum skilamötum

Skorkort: Skjámynd af inngangssíðu Skorkorts FSR árið 2014. Sjá má víddir og yfirmarkmið.

3 ÞJÓNUSTA

3.1 Mælikvarðar

Hér er sýnt hvernig skorkort FSR lítur út fyrir þjónustuvíddina árið 2014. Síðan er fjallað um hvern mælikvarða og stöðu hans í lok ársins.




Skjámynd af síðu Skorkorts FSR árið 2014.
Þjónustuvídd með yfirmarkmiðum, markmiðum og mælikvörðum.

3.1.1 Fjöldi fréttá á vef FSR

FSR er þjónustustofnun og mikilvægt að hún miðli sem bestum upplýsingum um starfsemi sína til viðskiptavina sinna og almennings. Mælikvarðinn mælir fjölda birtra fréttá á vef FSR og var gert ráð fyrir 40 fréttum yfir árið. Ef fréttir eru færri en 39 er mælikvarðinn gulur og ef fréttir eru færri en 30 verður mælikvarðinn rauður.

Fjöldi fréttá var 41 á árinu og mælikvarðinn því grænn.



Stækkun verknámsstöður við Fjölbrautarskóla Suðurlands

3.1.2 Verkfundagerðir á verkefnavef

Framkvæmdasýslan leggur áherslu sem þjónustuaðili á að fulltrúar ráðuneyta og stofnana þeirra hafi ávallt réttar upplýsingar um stöðu þeirra verkefna sem FSR er með í vinnslu fyrir þau hverju sinni. Til að tryggja góða miðlun upplýsinga um gang verka til viðskiptavina skal vista verkfundagerðir á verkefnavef og er stefnt að 2 verkfundagerðum á mánuði í hverju verki.

Þessi mælikvarði er skoðaður ársfjórðungslega. Ef markmiðið næst í 80% eða fleiri verka þá næst grænn litur, í yfir 65% þá næst gulur litur. Færri er rauður.

Eins og sjá má á myndinni fremst í þessum kafla var hlutfall 80-85 % í öllum mælingum og mælikvarðinn því grænn.

3.1.3 Hlutfall fjárhagsyfirlita yfirfarið og sent til verkkaupa

Þessi mælikvarði gerir ráð fyrir að kostnaðar-áætlanir séu yfirfarnar mánaðarlega og fjárhagsyfirlitin uppfærð, þar sem það á við. Mælikvarði er skoðaður tvisvar á ári.

Í lok reikningagerðar skal senda yfirlit með tölvupósti, þau sett inn á verkefnavef FSR eða með öðrum sannanlegum hætti komið til verkkaupa. Eftir að verkframkvæmd lýkur og þar til skilamati er lokið er ekki ástæða til að gefa út fjárhagsyfirlit.

Markmiðið er 100%. 5% frávik gefa grænan lit, 10% frávik gefa gulan. Meira en 10% frávik gefur rauðan lit.

Á árinu 2014 gaf mæling á fyrri hluta árs 96 % sem gefur grænt. Mæling síðari hluta árs gaf 76 % sem gefur rautt.

3.1.4 Hlutfall verkefna þar sem frávik raunkostnaðar er innan við 5% af áætlun

Þegar skilamat hefur verið gefið út fyrir ákveðið verk er raunkostnaðurinn, án kostnaðar við viðbótarverk, borinn saman við áætlanir.

Mælingin er síðan í því fólgin að kanna hversu hátt hlutfall lokinna verka hefur haldist innan 5% viðmiðsins.

Markmiðið er 100% en leyft er 15% frávik fyrir grænan lit og 35% frávik fyrir gulan lit.

Gefin voru út 13 skilamöt á árinu 2014, af þeim voru 11 með innan við 5% frávik. Hlutfall er 85% og mælikvarðinn er því grænn í skorkorti.



Framkvæmdir við Fangelsið á Hólmsheiði

4 FJÁRMÁL FSR

4.1 Mælikvarðar

Hér á eftir verður fjallað um hvern mælikvarða fjármálavíddarinnar og stöðu hans á árinu 2014. Einnig er sýnt hvernig skorkort FSR lítur út fyrir víddina.



Skjámynd af síðu Skorkorts FSR árið 2014.
Fjármálavídd með yfirmarkmiðum, markmiðum og mælikvörðum.

4.1.1 Fjöldi greiðsluáætlana sem hlutfall af fjölda verka í verklegri framkvæmd

Þessi mælikvarði er skoðaður tvisvar á ári og sýnir fjölda greiðsluáætlana sem hlutfall af fjölda verka í umsjón FSR. Markmiðið er 100% en leyft er 10% frávik fyrir grænan lit og 30% frávik fyrir gulan.

Á árinu 2014 voru gerðir þrjú verkkaupasamningar sem innihéldu greiðsluáætlanir fyrir greiðslur frá verkkaupa, en FSR sér um bókhald í þessum verkum.

Það gefur 100 % hlutfall og mælikvarði er því grænn.

4.1.2 Fjármagnskostnaður sem hlutfall af veltu

Þessi mælikvarði er skoðaður tvisvar á ári og sýnir fjármagnskostnað FSR sem hlutfall af veltu. Venjulega er ekki um fjármagnskostnað að ræða nema að til greiðslu dráttarvaxta komi.

Markmiðið er 0% en mjög stíf krafa er gerð varðandi þetta hlutfall. Leyft er 0,05% frávik fyrir grænan lit og 0,1% frávik fyrir gulan.

Engir dráttarvextir voru greiddir á árinu 2014. Mælikvarðinn er grænn fyrir árið.



Stækkun verknámsstöðu við Fjölbrautarskóla Suðurlands

4.1.3 Afskrifaðar kröfur sem hlutfall af veltu

Þessi mælikvarði er skoðaður einu sinni á ári og sýnir afskrifaðar kröfur FSR sem hlutfall af veltu.

Markmiðið er 0% en leyft er 0,5% frávik fyrir grænan lit og 2,0% frávik fyrir gulan lit.

Engar kröfur voru afskrifaðar á árinu 2014. Mælikvarðinn er grænn fyrir árið.

4.1.4 Hlutfallslegt frávik (tap) rauntalna frá áætlun

Rekstraráætlun FSR miðar við að stofnunin sé rekin á núlli ár hvert. Verði hagnaður af rekstrinum telst ekki um frávik að ræða í þessu tilliti. Þessi mælikvarði mælir því eingöngu tap á rekstri.

Markmiðið er 0% en leyft er 4,0% frávik fyrir grænan lit og 10,0% frávik fyrir gulan.

Á árinu 2014 var tap 1,54 % (3.966.656 kr.). Mælikvarðinn er grænn.

Frekari umfjöllun um samanburð á rauntölum við rekstraráætlun ársins er í kafla 8.




Nýr Landspítali, Afstöðumynd - 1. áfangi

5 INNRA STARF

5.1 Mælikvarðar

Hér á eftir verður fjallað um hvern mælikvarða víddarinnar um innra starf 2014 og stöðu hans á árinu. Einnig er sýnt hvernig skorkort FSR lítur út fyrir víddina.

- Undir lið C.1.1 voru árið 2014 settir tveir mælikvarðar sem tengjast viðhaldsúttekt Vottunar hf. á gæðastjórnunarkerfi FSR. Annars vegar eru frávik mæld og hins vegar athugasemdir.



Skjámynd af síðu Skorkorts FSR árið 2014.
Vídd um innra starf; yfirmarkmið, markmið og mælikvarðar.

5.1.1 Viðhaldsvottun Vottunar hf. tvisvar á árinu

Framkvæmdasýsla ríkisins vinnur samkvæmt vottuðu gæðastjórnunarkerfi sem byggir á alþjóðlega gæðastjórnunarstaðlinum ISO 9001.

Á árinu 2004 var gerður samningur við Vottun hf. um vottun gæðastjórnunarkerfis FSR. Á árunum 2011 og 2012 var lögð mikil vinna í að bæta verklagsreglur, samhæfa vistun gagna og koma á verklagi í fullu samræmi við gæðastjórnunarstaðlinn.

Gæðastjórnunarkerfi FSR var vottað 30. október 2012 í samræmi við kröfur í stjórnunarstaðlinum ÍST ISO 9001:2008, Gæðastjórnunarkerfi – kröfur.

Mælt var tvisvar á árinu eftir viðhaldsvottun. Mælingin staðfestir niðurstöðu viðhaldsúttektar Vottunar hf.

- 0 frávik gefur grænan lit, eitt gefur gulan, tvö eða fleiri rauðan.
- Færri athugasemdir en 8 gefa grænan lit, 8-12 gefa gulan, fleiri en 13 rauðan.



Þingvellir - Hakið, flutningur þjónustuhúss

Niðurstöður fyrri mælingar voru 0 frávik og 4 athugasemdir. Það gaf grænan lit í skorkorti.

Niðurstöður seinni mælingar voru 0 frávik og 7 athugasemdir. Það gaf grænan lit í skorkorti.

5.1.2 Innkaup rekstrarvara skv. rammasamningum verði amk. 80% allra innkaupa.

Stefnt var að því að innkaup rekstrarvara skv. rammasamningum yrðu a.m.k. 80% allra innkaupa.

Í lok árs var kannað hversu hátt hlutfall rekstrarvara var keypt í gegnum rammasamninga Ríkiskaupa. Ef innkaupin yrðu 80% eða hærra hlutfall yrði mælikvarðinn grænn. Ef innkaupin yrðu 70-79% yrði mælikvarðinn gulur, annars rauður.

Af innkaupum á rekstrarvörum FSR var rammasamningur notaður í yfir 80% af innkaupum. Mælikvarðinn er grænn.

5.1.3 Samanlagður fjöldi fréttá fréttaveitu og fréttá frá starfsmannafélaginu Auðvitað

Markviss og áreiðanleg upplýsingamiðlun innan stofnunarinnar er mikilvægt markmið til að auka gæði innra starfs hennar. Til að ná því markmiði var stefnt að því að samanlagður fjöldi fréttá af starfi stofnunarinnar á innri

fréttaveitu og fréttá af starfi starfsmannafélagsins yrði 30 talsins.

Markmiðið um 30 fréttir gæfi grænan lit, 20-29 fréttir gulan en færri fréttir rauðan.

Samanlagður fjöldi fréttá var 30 á árinu. Mælikvarðinn er grænn í skorkorti.

5.1.4 Fjöldi fundargerða faghópa

Á árinu 2014 var eins og fyrri ár gert ráð fyrir vissum fundafjölda hjá hverjum faghópi yfir árið, en faghópar innan FSR eru forstjóra/ aðstoðarforstjóra til ráðgjafar á viðkomandi sviðum ásamt því sem þeir aðstoða við gerð mælikvarða fyrir Skorkort FSR á sínu sviði.

Árið 2014 var gert ráð fyrir að faghópar funduðu mánaðarlega tíu mánuði ársins.

Mælikvarðinn byggir á reiknuðu meðaltali fjölda funda á ári samkvæmt fundargerðum. Markmiðið var 100% eða tíu fundir en frávik voru leyfð þannig að átta fundir gefa grænan lit. Fimm fundir gefa gulan en færri rauðan.

Niðurstaða talningar í GoPro er að meðalfjöldi faghópsfunda var 5,56 fundir yfir árið og því gulur litur í skorkorti.

5.1.5 Nýr vefur FSR

Mælikvarðinn miðaðist við að vefur, (ytri og innri) sé tilbúinn til innskráningar á efni, ætti að liggja fyrir um mitt árið og skráningum á vefinn

ætti að ljúka fyrir árslok. Mældist gult ef annað gengur eftir en grænt fyrir hvort tveggja, annars rautt.

Þetta hefur ekki gengið eftir því ákveðið var að seinka þessari vinnu. Ástæðan er tvíþætt. Í fyrsta lagi var fór umsjónarmaður vefs í minna starfshlutfall og önnur verkefni og tóku þá nýráðnir starfsmenn við verkefninu. Í öðru lagi var ákveðið að kanna hvort áhugi væri á að tengja nýjan vef við fyrirhugaða sameiningu stofnana.

Mælikvarðinn er því rauður.

5.1.6 Minnkuð orkunotkun milli ára

Mælikvarðinn miðaðist við að minnka orkunotkun innan FSR frá árinu 2013.

Mælingin er árleg innkaup orku á hvern starfsmann miðað við árið áður.

Minni innkaup orku (þ.e. 2) gefa grænan lit. Óbreytt innkaup orku (þ.e. 1) gefa gulan. Meiri innkaup orku (þ.e. 0) gefa rauðan lit.

Keypt var minni orka á hvern starfsmann árið 2014 miðað við árið á undan. Mælikvarðinn er því grænn í skorkorti.




Framkvæmdir við Fangelsið á Hólmsheiði 2014 - 2015

6 MANNAUÐUR

6.1 Mælikvarðar

Hér á eftir verður fjallað um hvern mælikvarða mannauðsvíddarinnar 2014 og stöðu hvers um sig á árinu. Einnig er sýnt hvernig skorkort FSR lítur út fyrir víddina.

Markmið og mælikvarðar um öryggismál tilheyra faghópi um verklegar framkvæmdir og er fjallað um þann lið í mannauðsvíddinni frumkvæði. Á árinu var felldur niður mælikvarði um að *afla sérþekkingar um öryggis- og heilbrigðisáætlanagerð* á þessum stað í skorkorti.



Skjámynd af síðu Skorkorts FSR árið 2014.
Mannauðsvídd með yfirmarkmiðum, markmiðum og mælikvörðum.

6.1.1 Fjöldi starfsmannasamtala á ári sem hlutfall af starfsmannafjölda

Aðstoðarforstjóri ræðir formlega við hvern starfsmann stofnunarinnar einu sinni á ári þar sem farið er yfir frammistöðu og viðhorf starfsmanns til vinnu sinnar. Markmið stofnunar og starfsmanns eru rædd.

Starfsmannasamtöl við 90% eða fleiri starfsmenn gefa grænan lit. Ef rætt er við 70% eða færri verður liturinn rauður. Þar á milli gulur.

Hlutfall starfsmanna sem fór í starfsmannasamtöl á árinu er 100%. Mælikvarðinn er því grænn.

6.1.2 Stuðla að símenntun starfsmanna - Hlutfall starfsmanna sem sækir símenntun

Í rekstraráætlun ársins er gert ráð fyrir ákveðinni fjárhæð fyrir hvern starfsmann sem ætluð er til símenntunar. Þessi fjárhæð er 100.000 krónur á mann á árinu 2014, en auk

þess geta starfsmenn notað sér vannýtta heimild frá árinu 2013. Eldri heimildir, sem ekki hafa verið notaðar til símenntunar, falla hins vegar niður. Símenntun getur einnig falist í námskeiðum eða utanlandsferðum sem starfsfólk tekur þátt í á vegum FSR.

Hlutfall starfsmanna sem sóttu sér símenntun á árinu er 95,2%. Mæling gefur grænan lit. Niðurstaða er fundin með mælingum skv. starfsmannasamtölum.

6.1.3 Stuðla að símenntun starfsmanna - Fræðslufundir fyrir starfsfólk FSR

Til að stuðla að símenntun er lögð fram fræðsluáætlun í upphafi árs. Markmiðið var að halda 6 fræðslufundi fyrir starfsfólk FSR.

Mæling. 5-6 fundir gefa grænan lit, 3 - 4 fundir gefa gulan, 2 eða færri fundir gefa rauðan lit.

Haldnir voru 9 fræðslufundir á árinu og mælikvarði því grænn.

7 FRUMKVÆÐI

7.1 Mælikvarðar

Hér á eftir verður fjallað um hvern mælikvarða frumkvæðisviðdarinnar 2014 og stöðu hans á árinu. Einnig er sýnt hvernig skorkort FSR lítur út fyrir víddina. Eins og fram kemur í fyrsta kafla 2.0 voru yfirmarkmið frumkvæðisviðdar endurskilgreind árið 2014 með hliðsjón af kjarnastarfsemi FSR og til að endurspeglar betur ferli opinberra framkvæmda. Faghópar FSR skilgreina verkefni og mælingar inna þessarar víddar. Árið 2014 vor 10 starfandi faghópar – frumathuganir, áætlunargerð, verkfræmmdir, samningsvöktun/leiguverkefni, snjóflóðavarnir, BIM og BIM Ísland, kostnaðaráætlanir, ÖHU, vinnuumhverfi og vistvænar byggingar.

E. Frumkvæði	
[-]	E.1. Stuðla að vönduðum undirbúningi framkvæmda
[-]	E.1.1 Aukin gæði þjónustu og hagræðing hjá FSR í vinnslu frumathugana með markvissum og samræmdum vinnubrögðum
[-]	Endurbætt og útbúin ný gæðaskjöl fyrir frumathugun(BB) (Bergljót S Einarsdóttir)
■	2014 (15 Fjöldi)
[-]	E.1.2 Aukin gæði þjónustu og hagræðing hjá FSR í málefnum sem varða leigumál
[-]	Samningsvöktun, leigumál og búnaðarkaup (RJ) (Bergljót S Einarsdóttir)
■	2014 (18 Fjöldi)
[-]	E.1.3 Stuðla að bættu vinnuumhverfi
[-]	Yfirfara verklag og útbúa kynningarefni um vinnuumhverfi (ÖB) (Bergljót S Einarsdóttir)
■	2014 (3 Fjöldi)
[-]	E.2. Stuðla að vandaðri áætlunargerð og þróun ráðgjafamarkaðar
[-]	E.2.1 Aukin gæði þjónustu og hagræðing hjá FSR á sviði áætlunargerðar með markvissum og samræmdum vinnubrögðum
[-]	Endurbætt og útbúin ný gæðaskjöl fyrir áætlunargerð (ÖB) (Bergljót S Einarsdóttir)
■	2014 (5 Fjöldi)
[-]	E.2.2 Þróun samstarfs við verkkaupa um framkvæmd áætlunargerðar og um innihald og framsetningu ráðgjafasamninga
[-]	Hlutfall umsagna um áætlunargerð þar sem FSR kemur að málum (ÖB) (Bergljót S Einarsdóttir)
■	2014 (92 %)
[-]	E.2.3 Aukið hlutfall verkefna með umhverfisstefnu
[-]	Árlegt hlutfall verkefna í umhverfisstöðunarferli (IBK) (Bergljót S Einarsdóttir)
■	2014 (0 af/á)
[-]	E.2.4 Auka trúverðugleika og nákvæmni kostnaðaráætlana
[-]	Víðhald og þróun kostnaðarbanka FSR – raunkostnaður, áætlanir og samanburður (SHS) (Bergljót S Einarsdóttir)
■	2014 (100 %)
[-]	Víðhald og þróun kostnaðarbanka FSR með skilamöt til hliðsjónar (SHS) (Bergljót S Einarsdóttir)
■	2014 (0 %)
[-]	E.2.5 Stuðla að innleiðingu BIM
[-]	Byggja upp grunn að stoðskjöllum fyrir BIM (HA/BIM) (Bergljót S Einarsdóttir)
■	2014 (2 Fjöldi)
[-]	E.2.6 Stuðla að vistvænni þróun á byggingarmarkaði
[-]	Endurbætt og útbúin ný gæðaskjöl varðandi vistvænar byggingar (IBK) (Bergljót S Einarsdóttir)
■	2014 (3 Fjöldi)

[-]	▶	E.3. Stuðla að vönduðum verklegum framkvæmdum og framþróun á verktakamarkaði
[-]	▼	E.3.1 Markmið FSR um slysalausa vinnustaði í verklegum framkvæmdum
[-]	▼	Hlutfall vinnustaðaslysa milli ára verði mælt (HS/ÖHU) (Bergljót S Einarsdóttir)
	■	2014 (0 af/á)
[-]	▼	E.3.2 Stuðla að bættum árangri ÖHU málefna á verkstöðum
[-]	▼	Yfirfara verklag varðandi ÖHU-mál í verklegum framkvæmdum (HS/ÖHU) (Bergljót S Einarsdóttir)
	■	2014 (0 Fjöldi)
[-]	▶	E.3.3 Stuðla að samræmdum vinnubrögðum í verklegum framkvæmdum (bygginga) og eftirliti FSR
[-]	▶	Endurbætt og útbúin ný gæðaskjöl varðandi verklegar framkvæmdir (GÁÓ) (Bergljót S Einarsdóttir)
	■	2014 (1 af/á)
[-]	▲	E.3.4 Stuðla að samræmdum vinnubrögðum í snjóflóðavarnarverkefnum og eftirliti
[-]	▲	Endurbætt gæðaskjöl varðandi verklegar framkvæmdir m.t.t. ofanflóðavarna (GP) (Bergljót S Einarsdóttir)
	■	2014 (2 Fjöldi)
[-]	▲	E.3.5 Verkefni á stigi verkframkvæmdar fari á verkefnavef
[-]	▲	Af öllum verkum sem fara í útboð (á árinu) skal mæla hve mörg verkefni fara á verkefnavef (SOM) (Sigríður O. Marinósdóttir)
	■	2014 (60 %)
[-]	▼	E.4. Stuðla að vönduðum skilamötum
[-]	▼	E.4.1 Gerð skilamata
[-]	▼	Hlutfall skilamata sem lokið er innan 12 mánaða frá ábyrgðarúttekt verks (MKS) (Bergljót S Einarsdóttir)
	■	2014 (0 Fjöldi)

Skjámynd af síðu Skorkorts FSR árið 2014.
Frumkvæðisviðd með yfirmarkmiðum, markmiðum og mælikvörðum.

7.1.1 Endurbætt og útbúin ný gæðaskjöl fyrir frumathuganir

Til að ná fram meiri hagræðingu innan FSR í vinnu við frumathuganir var haldið áfram vinnu við endurbætur og rýni gæðaskjala fyrir frumathuganir og gerð nýrra skjala.

Mæling: Um er að ræða 17 liði í 5 verkefnum. 12-17 leystir liðir gefa grænt í skorkorti, 5-11 liðir gefa gult og færri gefa rautt.

Verkefni voru:

1. Heildarkostnaðaráætlun SF-026
2. Rýna flæði heildarferils frumathugunar
3. Eftirfylgni með afgreiðslu frumathugunar
4. Samræma og skoða skipurit
5. Greiðsluáætlun FSR, ákveða ferli (unnið með faghópi um áætlunargerð)

Faghópurinn lauk við 15 liði af 17. Mælivarði er grænn.

7.1.2 Samingsvöktun, leigumál og búnaðarkaup

Gerð var tillaga að samningsvöktunarskjali fyrir leiguverkefni og stefnt að því að skrá inn 20 samninga í skjalið.

Mæling: Skráning 14 - 20 samninga gefur grænan lit, skráning 10 - 13 samninga gefur gulan lit og skráning 9 eða færri samninga gefur rauðan lit.

Faghópurinn skráði 18 samninga.



Nýtt húsnæði Samgöngustofu

Mælikvarðinn er grænn í skorkorti.

7.1.3 Yfirfara verklag og útbúa kynningarefni um vinnuumhverfi

Um er að ræða nýjan faghóp sem starfar tímabundið. Verkefni faghóps eru:

1. Taka saman tölfræði um leiguverkefni síðustu ára.
2. Skoðunarferðir í fyrirtæki/stofnanir.

3. Safna dæmum, innlendum og erlendum (fyrir/eftir), bæði myndum og uppdráttum.
4. Rýna skipulagsskjal SK-025 „Þarfagreining skrifstofuhúsnæðis á vegum ríkisins. Leiðbeiningar og stærðarviðmið“.
5. Gerð kynningarefnis fyrir ráðuneyti og ríkisstofnanir.

Mælikvarði: 4-5 verkefni gefi grænan lit, 3 gulan lit og færri rauðan lit

Faghópurinn lauk 3 verkefnum af 5. Mælikvarðinn er gulur í skorkorti.

7.1.4 Endurbætt og útbúin ný gæðaskjöl fyrir áætlunargerð

Til að ná fram meiri hagræðingu innan FSR í vinnu við áætlunargerð var haldið áfram vinnu við endurbætur og rýni gæðaskjala. Um var að ræða sex verkefni:

1. SF-0xx. Verklýsing. Sniðmát klárað 2013. Næsta skref að innifela texta um BREEAM. Einnig að taka afstöðu til hvernig eigi að meðhöndla texta í 0-greina. Þ.e. hvort almennur texti 0-greina geti verið kröfubindandi fyrir verkið sama kafla sem bera kostnað.
2. Leiðbeining um framsetningu BREEAM í hönnunargögnum.

3. SF-0xx, Tímaáætlun verkefnastjóra FSR vegna heildarverks (tengist gátlista SF-099. Unnið í excel. Samvinna við GÁÓ sem hefur gert drög að svipuðu yfirlitsskjali v/BREEAM).
4. Gerð leiðbeiningar og e.t.v. staðalforms um endurskoðun greiðsluáætlunar til FSR þegar um er að ræða einn verkkaupasamning um heildarverk (fr-áævf, SF-125). Samvinnuverkefni með faghóp um frumathugun.
5. Flæðirit fyrir VL-007. Útbúa flæðirit fyrir verklagsregluna.
6. Verkefni úr ábendingakerfi eða endurskoðun á SF-042 „Fundargerð samráðsfundar“ og skoðun á því hvort megi nota hana einnig fyrir fundi stýrihópa með eða án lítilla breytinga.

Mæling: 5-6 leyst verkefni gefa grænan lit, 3-4 gulan og færri rauðan.

Faghópurinn lauk 5 verkefnum af 6. Mælikvarðinn er grænn í skorkorti.



Framkvæmdir við Fangelsið á Hólmsheiði



Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

7.1.5 Hlutfall umsagna um áætlunargerð þar sem FSR kemur að málum

Talinn er heildarfjöldi umsagna um áætlunargerð sem FSR hefur unnið á árinu.

Mælikvarði: Hafi FSR komið að málum í yfir 80% umsagna gefur það grænan lit. Í 50-80% verður liturinn gulur, undir 50% rauður.

Umsjón FSR með áætlunargerð var í 11 verkefnum af þeim 12 sem miðað var við. Hlutfall var 92%. Mælikvarði er grænn í skorkorti.

7.1.6 Aukið hlutfall verkefna með umhverfisstefnu

FSR er í fararbroddi í að innleiða vistænar vinnuáðferðir í byggingariðnaði. FSR sýnir frumkvæði með því að koma byggingaverkefnum í umsjón stofnunarinnar í vistvænt vottunarferli.

Til að mæla árangur þeirrar viðleitni FSR var borinn saman fjöldi verka í umhverfisstofnunarferli árið 2013 og 2014.

Mælikvarði: Óbreytt hlutfall gefur gulan lit (1), hærra hlutfall gefur grænan (2) og minnkað hlutfall gefur rauðan lit (0).

Hlutfall verkefna í umhverfisstofnunarferli hefur lækkað úr 17,2% í 3,2%. Mælikvarði er rauður.

7.1.7 Viðhald og þróun kostnaðarbanka FSR – raunkostnaður, áætlanir og samanburður

Mikilvægt er að auka trúverðugleika og nákvæmni kostnaðaráætlana þannig að öruggari upplýsingar séu til grundvallar framkvæmdum. Slíkt er meðal annars gert með því að viðhalda og þróa kostnaðarbanka FSR.

Verkefnið var að uppfæra kostnaðarbanka FSR þ.a. bankinn innihaldi raunstærðir úr verkefnum, áætlanir og ýmsan samanburð á milli verkefna. Taka skal saman fjárhagsupplýsingar fyrir 5 verkefni sem lokið var á árunum 2008 – 2013 og færa inni í kostnaðarbancann. Ekki var fært inn í kostnaðarbanka FSR og mælikvarði er því rauður.

Mæling: 80% innfært í kostnaðarbancann er grænn litur. 60-80% er gulur litur. Færri en 60% er rauður litur.

7.1.8 Viðhald og þróun kostnaðarbanka FSR – með skilamöt til hliðsjónar

Mikilvægt er að auka trúverðugleika og nákvæmni kostnaðaráætlana þannig að öruggari upplýsingar séu til grundvallar framkvæmdum. Slíkt er meðal annars gert með því að viðhalda og þróa kostnaðarbanka FSR.

Markmiðið er að eiga öruggari upplýsingar til grundvallar við gerð kostnaðaráætlana verkfrákvæmda. Verkefnið er að færa inn kostnaðartölur af útgefnum skilamötum des. 2013- des 2014.

Mæling: 90% af rýndu kostnaðaruppgjöri í skilamötum - fært í kostnaðarbanka er grænn litur, 80-90% er gulur litur og minna en 80% er rauður litur.

Færðar voru inn upplýsingar úr öllum útgefnum skilamötum verklegra framkvæmda sem faghópur um kostnaðaráætlun skoðar sérstaklega, samtals 8, frá desember 2013 til desember 2014. Hlutfall er 100% og mælikvarði grænn.

7.1.9 Byggja upp grunn að stoðskjölum fyrir BIM

Lagt var til að unnin verði BIM gögn á stigi áætlunargerðar. Verkefnin eru þrjú:

1. Drög að BIM kröfum (IDM) FSR
2. Drög að BIM handbók fyrir FSR
3. Drög að sniðmáti verkefnishandbókar

Verkefnum er lokið þegar faghópur hefur sent gæðaskjöl til gæðastjóra/gæðaráðs.

Mæling: 3 verkefni leyst gefi grænan lit, 2 gulan lit og færri rauðan lit.

Faghópur skilaði 2 verkefnum á árinu. Mælikvarði er gulur.

7.1.10 Endurbætt og útbúin ný gæðaskjöl varðandi vistvænar byggingar

FSR er í fararbroddi í að innleiða vistvænar vinnuáferðir í byggingariðnaði. Á vegum FSR eru margar byggingar í ferli þar sem unnið er að því að þær fái vottun sem vistvænar byggingar samkvæmt vottunarkerfinu BREEAM (Building Research Establishment Environmental Assessment Method).

Faghópur um vistvænar byggingar skilgreindi fimm verkefni fyrir árið 2014. Þau eru:

1. Umhverfissvottun í verklýsingar: Afhendist til faghóps 3310 vegna vinnu þeirra í verklýsingum.

2. Skilgreina hvaða þætti eiga að vera í áætlanagerð og verklegri framkvæmd, ef vottunarkerfi er ekki notað.

3. Flæðirit fyrir BREEAM (etv. einnig DGNB og Miljöbyggnad).

4. SF-099: Uppfæra gátlista verkefnastjóra þannig að fram komi atriði er varða umhverfissvottanir í:

- a) frumathugun
- b) áætlanagerð
- c) verklegar framkvæmdir.

5. Verkefni úr ábendingakerfi.

Mælikvarði: 4-5 verkefni gefur grænan lit, 3 gulan lit og færri rauðan lit.

Faghópurinn skilaði 3 verkefnum af 5. Mæling gefur gulan lit.

7.1.11 Hlutfall vinnustaðaslysa á milli ára verði mælt

FSR stefnir að því með markvissum hætti að allir vinnustaðir í verkum sem FSR hefur umsjón og eftirlit með verði slysalausir.

Borið verði saman hlutfall vinnustaðaslysa í framkvæmdaverkefnum FSR.

Mælikvarði: Óbreytt hlutfall gefur gult, lægra hlutfall gefur grænt, hækkað hlutfall gefur rautt.

Fjöldi slysa 2013 var talinn til að fá viðmiðunartölu fyrir árið 2014.

Engar mælingar bárust þetta árið frá faghópi. Mælikvarði er rauður.



Framkvæmdir við Menntaskólann við Sund

7.1.12 Yfirfara verklag varðandi ÖHU-mál í verklegum framkvæmdum

Verkefni faghóps um ÖHU mál eru:

1. Athuga hvort og með hvaða hætti verkefnastjórar FSR skrá vinnuslys í sínum verkum.
2. Umfjöllun og upplýsingar um ÖHU-mál einstakra verka: Farið yfir hvernig fjallað er um ÖHU-mál í verkfundargerðum og framvinduskýrslum og gerð tillaga að breytingum/ betrubótum ef þörf er á.
3. ÖHU í útboðsgögnum: Farið yfir hvernig tekið er á ÖHU-málum í útboðsgögnum FSR og metið hvort það samræmist lögum, reglum og því leiðandi hlutverki sem FSR er í. Gerð er tillaga að breytingum/ betrubótum ef talin er þörf á.

Mælikvarði: 3 verkefni gefi grænan lit, 2 gulan lit og færri rauðan lit.

Engar mælingar bárust þetta árið frá faghópi. Mælikvarði er rauður.

7.1.13 Endurbætt og útbúin ný gæðaskjöl varðandi verklegar framkvæmdir

Verkefni faghóps um verklegar framkvæmdir:

1. Útbúa gátlista/leiðbeiningu fyrir lokaúttekt FSR.
2. Útbúa gátlista fyrir ábyrgðarúttekt FSR.

Mæling: 2 verkefni leyst gefa grænan lit, 1 gulan og engin rauðan.

Faghópurinn skilaði einu verkefni. Mæling gefur gulan lit.

7.1.14 Endurbætt gæðaskjöl varðandi verklegar framkvæmdir m.t.t. ofanflóðavarna

Verkefni faghóps um snjóflóðavarnir:

1. Endurskoða LB-019 Vistun gagna m.t.t. ofanflóðavarnaverkefna.
2. Endurskoða VL-008 Verklegar framkvæmdir m.t.t. ofanflóðavarnaverkefna.

Mæling: Báðum verkefnum lokið gefur grænt, 1 verkefni lokið gefur gult, annars rautt.

Faghópur skilaði báðum verkefnum. Mæling gefur grænan lit.

7.1.15 Verkefni á verkefnavef

Verkefnið var að telja öll verk FSR sem fóru í útboð á árinu 2014. Telja síðan hve mörg af þessum verkum eru (fóru) á verkefnavef.

Mælikvarði: 50-100% grænt, 40-50% gult, minna en 40% gefur rautt.

Af 5 verkefnum sem boðin voru út fóru 3 á verkefnavef sem er 60% hlutfall. Mæling gefur grænan lit.

7.1.16 Hlutfall skilamata sem lokið er innan 12 mánaða frá ábyrgðarúttekt verks

Verkefnið var að telja skilamöt sem gerð voru innan 12 mánaða frá ábyrgðarúttekt verks.

Mælikvarði: 80% og yfir gefa grænt, 50%- 79% gefa gult og undir 50% gefa rautt.

Þetta atriði náðist ekki að uppfylla, ekkert skilamat var unnið innan 12 mánaða frá ábyrgðarúttekt. Mælikvarðinn er því rauður.



Horft yfir snjóflóðavarnargarða á Siglufirði

8 Samanburður rauntalna við rekstraráætlun fyrir árið 2014

Hér að neðan má sjá samanburð rauntalna við rekstraráætlun Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir árið 2014. Í köflum 8.1 til 8.10 verður fjallað nánar um hvern rekstrarlið.

	Rauntölur	Rekstraráætlun	Frávik	%
01 Laun	212.444.153	207.970.592	-4.473.561	-2,2%
011 Dagvinna	157.657.015	153.543.894	-4.113.121	-2,7%
013 Aukagreiðslur	4.187.218	4.099.800	-87.418	-2,1%
014 Yfirvinna	10.178.553	9.400.958	-777.595	-8,3%
015 Launatengd gjöld	40.421.367	40.925.940	504.573	1,2%
02 Ferðir og fundir	16.315.004	10.734.472	-5.580.532	-52,0%
021 Ferða og dvalarkostnaður innanlands	6.073.104	350.000	-5.723.104	-1635,2%
022 Ferða og dvalarkostnaður erlendis	1.352.800	2.464.472	1.111.672	45,1%
023 Fundir, námskeið og risna	2.502.583	4.195.000	1.692.417	40,3%
024 Akstur	6.386.517	3.725.000	-2.661.517	-71,5%
03 Rekstrarvörur	3.660.234	3.828.000	167.766	4,4%
031 Tímarit, blöð og bækur	341.211	223.000	-118.211	-53,0%
032 Skrifstofuvörur og áhöld	1.749.298	1.765.000	15.702	0,9%
033 Aðrar vörur	1.569.725	1.840.000	270.275	14,7%
04 Aðkeypt þjónusta	25.396.150	21.535.400	-3.860.750	-17,9%
041 Tölvu- og kerfisfræðipjónusta	6.594.825	8.260.000	1.665.175	20,2%
042 Önnur sérfræðipjónusta	6.920.699	4.190.000	-2.730.699	-65,2%
043 Sími og ýmis leigugjöld	11.280.778	7.965.400	-3.315.378	-41,6%
044 Prentun, póstur, augl., flutningar	599.848	1.120.000	520.152	46,4%
05 Húsnæði	8.267.756	8.850.000	582.244	6,6%
051 Húsaleiga og aðkeypt ræsting	7.937.769	8.490.000	552.231	6,5%
052 Rafmagn og heitt vatn	317.992	360.000	42.008	11,7%
053 Verkkaupa og byggingavörur	11.995	0	-11.995	
06 Bifreiðar og vélar	393.690	290.000	-103.690	-35,8%
062 Brensluefni og olíur	299.941	220.000	-79.941	-36,3%

063 Tryggingar og skattar	93.749	70.000	-23.749	-33,9%
07 Rekstrarkostnaður	2.615.377	2.974.000	358.623	12,1%
071 Vextir, bætur, skattar	-1.837.286	200.000	2.037.286	
072 Eignakaup	4.285.482	1.850.000	-2.435.482	-131,6%
073 Tilfærslur	167.181	924.000	756.819	81,9%
Rekstrarkostnaður alls	269.092.364	256.182.464	-12.909.900	-5,0%
08 Sértekjur	-265.126.708	-258.300.000	6.826.708	-2,6%
Rekstrarhalli (-rekstrarafgangur)	3.965.656	-2.117.536	-6.083.192	

8.1 Laun

Í lok ársins 2014 störfuðu 22 starfsmenn hjá FSR í rúmu 21 stöðugildi, auk ræstítæknis. Launagjöld eru stærsti útgjaldaliður í rekstri stofnunarinnar. Á árinu 2014 námu þau 212,4 m.kr. eða tæpum 79% af heildargjöldum ársins.

Stofnanasamningar voru endurnýjaðir á árinu 2013 og gengið út frá því við samningagerðina að starfsmenn ættu að geta klárað vinnu sína í dagvinnutíma. Sú viðmiðun gekk ágætlega eftir á árinu 2014. Launagjöld hækkuðu milli ára um sem nemur 2,7%. Dagvinnuhluti launa hækkaði um 6,6% en á móti lækkaði yfirvinna um rúm 39%.

Miðlægar hækkanir vegna kjarasamninga urðu í upphafi ársins og námu á bilinu 2,8% til 3,8% eftir stéttarfélögum. Einnig voru greiddar kjarasamningsbundnar eingreiðslur sem lágu á bilinu 38 þús.kr. til rúmlega 52 þús.kr. Auk þessa komu til hækkanir skv. stofnanasamningum s.s. vegna starfsaldurs og byggingastjórnar. Launaliður fór rúm 2% fram úr áætlun ársins.

Nokkar breytingar urðu á mannhaldi stofnunarinnar á árinu. Þannig hættu þrír verkefnastjórar. Þetta eru þau Bjargey Björgvinsdóttir, Lena B. Kadmark og Magnús K. Sigurjónsson. Þá lést forstjóri FSR til 15 ára Óskar Valdimarsson í nóvember.

Nýráðningar voru engar á árinu og litlar sem engar breytingar urðu á starfshluföllum.

8.2 Ferðir og fundir

Ferðakostnaður innanlands samanstendur af ferðum vegna verkefna úti á landi auk ferða stjórnendna FSR á fundi eða opnanir mannvirkja. Liður þessi var 5,7 m.kr. yfir áætlun en þess ber að geta að tekjur koma á móti þeim ferðum sem farnar eru vegna verkefna úti á landi. Kostnaðarliðurinn hefur því ekki bein áhrif á rekstrarafkomu FSR þar sem FSR leggur eingöngu út fyrir þessum kostnaði. Þar sem vandkvæðum er bundið að áætla með mikilli nákvæmni hve mikill kostnaður fellur til á komandi ári vegna verkefna var valin sú leið að áætla eingöngu fyrir kostnaði sem hefur áhrif á rekstrarafkomu FSR eða 350 þús.kr.

Stofnunin hélt ferðakostnaði erlendis í algjöru lágmarki og varð sá kostnaðarliður talsvert undir áætlun. Sama á við um funda- og námskeiðskostnað. Rekstrarliðurinn akstur varð hins vegar hærri en áætlun gerði ráð fyrir, en sama á við um akstur og ferðakostnað innanlands þ.e. að tekjur koma á móti útlögðum kostnaði sem til fellur vegna verkefna. Á árinu var alls farið í 7 ferðir til útlanda á vegum stofnunarinnar.

8.2 Almennar rekstrarvörur

Almennar rekstrarvörur eru ekki stór hluti af útgjöldum FSR og var í samræmi við áætlun ársins sem og í takt við útgjöld fyrra árs.

8.3 Aðkeypt þjónusta

Þjónustugjöld eru einn stærsti gjaldaliður FSR og námu á árinu rúmum 9% af heildarútgjöldum. Aðkeypt þjónusta fór tæp 18% fram úr því sem áætlað var vegna ársins. Um leið lækkaði aðkeypt þjónusta um tæp 13% frá fyrra ári eða úr 29 m.kr. í 25 m.kr.

8.4 Húsnæði

Framkvæmdasýsla ríkisins er til húsa í Borgartúni 7A. Kostnaður vegna húsnæðis var 600 þús.kr innan áætlunar ársins eða 6,5%. Ekki kom til neinna beinna útgjalda vegna viðhalds á árinu.

8.5 Bifreiðar og vélar

Framkvæmdasýsla ríkisins hafði á árinu eina bifreið á rekstrarleigu.

8.6 Vextir, skattar og afskriftir

Á árinu 2014 voru færðar til gjalda útistandandi kröfur að fjárhæð rúmar 45 þús.kr. Einnig var tekjufært tillag fyrra árs í afskriftasjóð að fjárhæð 2 m.kr. Afskriftastjóður stendur í lok ársins í 13 m.kr., en að baki þeirri fjárhæð standa tvær kröfur. Önnur útgjöld undir rekstrarliðnum námu um 117 þús.kr. og eru vegna fjármagnstekjuskatts og gengismunar. Rekstrarliðurinn endaði í tekjum að fjárhæð 1,8 m.kr.

8.7 Eignakaup

Eignakaup urðu nokkru meiri á árinu en gert hafði verið ráð fyrir og skýrist það af endurnýjun á tölvubúnaði og ljósritunarbúnaði.

8.8 Tilfærslur

Styrkjum var haldið í algjöru lágmarki á árinu.

8.9 Tekjur

Tekjur Framkvæmdasýslunnar voru rúmar 265 m.kr. á árinu 2014, sem er tæpum 3% hærra en áætlað hafði verið en rúmum 6% lægra en tekjur fyrra árs. Engin framlög voru til stofnunarinnar á fjárlögum.

8.10 Niðurstaða ársins

Niðurstaða rekstrar Framkvæmdasýslu ríkisins árið 2014 er að rekstrarkostnaður fór tæpum 13 m.kr. eða rúmum 5% fram úr áætluðum útgjöldum. Rekstrartekjur urðu tæpum 7 m.kr. hærra en ráð var fyrir gert eða tæpum 3% af áætluðum tekjum. Rekstrarafkoma var neikvæð um sem nemur tæpum 4 m.kr. Rekstraráætlun ársins hafði gert ráð fyrir að útgjöld yrðu 2,1 m.kr. hærra en tekjur. Afkoman er því verri en áætlun gerði ráð fyrir sem nemur 6 m.kr.

Sé reksturinn borinn saman við árið á undan lækkuðu tekjur um tæpar 18 m.kr. Launagjöld hækkuðu um 5,5 m.kr. en önnur gjöld lækkuðu um 15 m.kr..

Það er von höfunda að skýrsla þessi gefi lesendum gott yfirlit yfir starfsemi Framkvæmdasýslu ríkisins á árinu 2014.

Reykjavík, 29. maí 2015



Halldóra Vífilisdóttir, forstjóri